



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is
545 8200

Sölvhóls götu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík 03. júní 2022
Tilv.: IRN22010248/2.23

Vísað er til 533. máls, stjórnarfrumvarps um Fjármálafyrirtæki o.fl. (lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki), lagt fram á 152. löggjafarþingi 2021-2022, þingskjal 761.

Byggðastofnun hefur kynnt innviðaráðuneytinu minnisblað sitt til efnahags- og viðskiptanefndar, þar sem rakið er að í kjölfar framlagningu frumvarpsins telji Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands að stofnuninni beri nú skylda til að sinna skýrsluskilum skv. 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2001 sem fjallar um kröfur sem gerðar eru til fjármálastofnanna um laust fé og stöðuga fjármögnun. Að mati stofnunarinnar er um að ræða umfangsmikil skýrsluskil sem eru verulega íþyngjandi fyrir stofnunina. Hingað til hefur ekki verið talið þörf á að Byggðastofnun sinni slíkum skilum vegna stöðu stofnunarinnar en stofnunin er að fullu í eigu, og á ábyrgð íslenska ríkisins. Stofnunin leggur því til þá breytingu á frumvarpinu sem fæli í sér að stofnunin verði undanþegin umræddum skýrsluskilum.

Innviðaráðuneytið telur rétt að taka undir ábendingu Byggðastofnunar. Í ljósi lögbundins hlutverks stofnunarinnar, stærð hennar og stöðu telur ráðuneytið að ekki sé ástæða til að gera þær kröfur til stofnunarinnar um skýrsluskil sem kveðið er á um í 83. gr. laga um fjármálafyrirtæki og reglum settum á grundvelli þeirra. Um er að ræða ríkisstofnun sem ráðherra hefur stjórnar- og eftirlitshlutverk með á grundvelli IV. kafla laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 115/2011 og fellur undir gildissvið laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Leggur ráðuneytið því til að fallist verði á tillögu Byggðastofnunar um breytingu á frumvarpinu en stofnunin leggur til að b-liður 135. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Við 3. mgr. bætast þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: X. kafli um eigintjárouka gildir ekki um Byggðastofnun. Byggðastofnun er undanþegin kröfum um skýrsluskil um laust fé og stöðuga fjármögnun. Í reglum sem Seðlabanki Íslands setur má undanskilja Byggðastofnun öðrum kröfum um skýrsluskil, eftir atvikum með því að takmarka kröfur um tíðni eða umfang skýrsluskila frá Byggðastofnun.“

Að öðru leyti vísar ráðuneytið í þau sjónarmið sem fram koma í minnisblaði Byggðastofnunar.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Björn Ingi Óskarsson